



Reykjavík, 6. maí 2025
USK25020274

Úrskurður örnefnanefndar um götuheitið Bjargargata, mál 1/2025

Á 60. fundi götunafnanefndar þann 23. apríl 2025 var lagður fram úrskurður örnefnanefndar um götuheitið Bjargargata, mál 1/2025

Málsatvik

Með úrskurði dags. 18. febrúar 2025 beindi örnefndanefnd því til Reykjavíkurborgar að velja nýtt heiti á götuna Bjargargötu vegna líkinda heitisins við götuheitið Bjarkargata. Bjargargata stendur í Vatnsmýri og er ein þriggja gatna sem mynduðust við nýlega uppbyggingu á svæðinu í kringum Grósku. Voru þær nefndar Bjargargata, Ingunnargata og Torfhildargata. Þær hlutu allar kvenmannsnöfn með vísan í merkar konur á sviði hinna klassísku fræða; Björgu Caritas Þorláksson, sem var fyrsta íslenska konan til að ljúka doktorsnámi, Ingunni Arnórsdóttur, íslenskri menntakonu og kennara sem var uppi á 12. öld og Torfhildi Hólm, sem var fyrsti íslenska konan sem skrifaði skáldsögur. Þóttu þær falla vel að götuheitum sem fyrir voru á svæðinu og skapa mótvægi við þau karlmannsnöfn sem þær eru kenndar við. Allt eru það heiti sem vísa í merkan fræðaarf Íslendinga; Sturlugata, Aragata, Oddagata, Sæmundargata og Eggertsgata.

Niðurstaða

Nefndinni þótti rétt að gatan fengi áfram kvenmannsnafn svo svæðið héldi þeirri heildarmynd sem komin var á, þar sem götur í vestari og eldri hluta svæðisins væru kenndar við karla en nýju göturnar í austurhlutanum við konur. Var þar niðurstaðan að kvenmannsnafnið Vala félli best að svæðinu.

Vala er nýrri mynd orðsins völva, sem var notað í norrænni trú um spákonur sem gátu séð inn í framtíðina. Til dæmis er vísað til heitisins í þekktasta fornkvæði Íslendinga, eddukvæðinu Völuspá. Þannig þykir heitið vísa til íslensks menningararfs og fornfræða og falla afar vel að öðrum götuheitum svæðisins.

Einnig má tengja heitið inn í nútímann en eitt þekktasta nýyrði Íslendinga, tölva, er myndað með samsetningu orðanna tala og völva. Við götuna stendur húsið Gróska, sem hýsir öflugt nýsköpunarsamfélag sem byggist að miklu leyti í kring um tölvutækni. Tölvunarfræðideild Háskóla Íslands er einnig með aðsetur í húsinu. Því þykir nefndinni viðeigandi að heiti götunnar skapi hughrif við tölvutækni.

Svæðið sem gatan stendur við er nýtt uppbyggingarsvæði innan stærra háskólasvæðis, sem hýsir rannsóknir og nýsköpun. Því þykir nefndinni fara einkar vel á að í nýju heiti götunnar megi finna skírskotun til bæði fortíðar, nútíðar og framtíðar þar sem nýsköpun og forn og merkur fræðaarfur Íslendinga mætast í nýju heiti, Völugötu.

Tillaga

Á grundvelli þessa leggur götunafnanefnd til að heiti götunnar sem nú er skráð sem Bjargargata verði breytt og framvegis verði gatan skráð sem **Völugata**.

Brynjar Þór Jónasson
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið